

Miðvikudaginn 13. desember 1950.

Nr. 92/1950. **Ákærvaldið** (Magnús Thorlacius)

gegn

Svavari Kristni Kristjánssyni (Tómas Jónsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson

í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Brot gegn bifreiðalögum. Líkamsáverki.

Dómur Hæstaréttar.

Þegar ákærði sá barnið hlaupa út á götuna að syðri vegarbrún, bar honum þegar í stað að stöðva bifreiðina, en í stað þess vék hann til hægri, hélt áfram með svipuðum hraða og vildi freista þess að komast fram hjá barninu með þeim hætti. Þetta varð til þess, að ákærði ók á barnið nærri nyrðri gangstétt, og hlaut það þá áverka, sem lýst er í héraðsdómi. Verður að meta ákærða þetta atferli til stórrar vangæzlu, og varðar það hann refsingu samkvæmt þeim refsiaðkvæðum, sem getur í héraðsdómi. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 12 daga varðhald. Svo ber og samkvæmt 39. gr. laga nr. 23/1941 að svipta ákærða leyfi til bifreiðaraksturs 1 ár frá birtingu þessa dóms. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað í héraði staðfestist. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 450.00 til hvors.

Ýmsir stórgallar eru á rannsókn og meðferð máls þessa. Lögreglumenn þeir, sem á vettvang komu, athuguðu ekki verksummerki, svo sem hvar bifreiðin hafði numið staðar og hvort hemlaför sæjust. Ekki var gerður uppdráttur, sem að gagni komi, af slysstaðnum. Bifreiðin sjálf var ekki, svo séð verði, athuguð né hemlar hennar reyndir. Óhæfilegur dráttur varð á því, að réttarrannsókn væri hafin svo og á framhaldi hennar. Rannsóknardómari prófaði eitt vitni, sem var sjónarvottur að atburðinum, en lét það ekki staðfesta framburð sinn með eiði. Ekki kvaddi dómari vættis aðra menn, sem virðast hafa séð atburðinn, og ekki gerði hann gangskör að því að leita vitna, t. d. farþega í strætisvagninum og annarra

vegfarenda, er kunna að hafa séð atburðinn. Móðir telpu þeirrar, er fyrir slysinu varð, krafðizt bóta, en dómari gerði hvorki reka að því að leiðbeina henni um kröfugerð né dæma bótakröfu. Verður að víta þessa rannsókn og meðferð.

Dómsorð:

Ákærði, Svavar Kristinn Kristjánsson, sæti varðhaldi 12 daga.

Hann er sviptur leyfi til að aka bifreið 1 ár frá birtingu dóms þessa.

Akvæði héraðsdóms um sakarkostnað í héraði staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Magnúsar Thorlacius og Tómasar Jónssonar, kr. 450.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 17. apríl 1950.

Ár 1950, mánudaginn 17. apríl, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var af Valdimar Stefánssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1547/1950: Ákærvaldið gegn Svavari Kristni Kristjánssyni, en mál þetta var dómtekið 31. marz s.l.

Málið er höfðað gegn Svavari Kristni Kristjánssyni veitingaþjóni, til heimilis á Bústaðavegi 39, hér í bæ, fyrir brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940, bifreiðalögum nr. 23 frá 1941 og umferðarlögum nr. 24 frá 1941 til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 29. júlí 1913 að Stóru-Gröf í Stafholtstungum. Hann hefur sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

Í Reykjavík:

- 1937 1/11 Sátt: 100 kr. sekt fyrir brot á 2. sbr. 15. gr. laga nr. 21/1926 og 1. sbr. 14. gr. laga nr. 99/1933, auk þess kr. 472.17 í veitingaskatt.
- 1937 5/11 Kærður fyrir vanskil á 15 kr. Málinu lokið með því, að kærði borgaði upphæðina.
- 1949 13/4 Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
- 1949 30/8 Sátt: 150 kr. sekt fyrir að vanrækja að færa bifreið til skoðunar.
- 1949 23/9 Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

Málavextir eru þessir:

Þriðjudaginn 1. febrúar 1949 kl. 13.30 óku þrír lögreglumenn í lögreglu-bífreið inn Hverfisgötu. Rétt innan við mót Hverfisgötu og Laugavegar veittu lögreglumennirnir athygli ákærða, er hélt á stúlkubarni og gaf lögreglumönnum merki um að stöðva. Skýrði hann lögreglumönnum frá því, að telpan hefði hlaupið fyrir bíl sinn, R 3465, og lent á bifreiðinni. Farið var með stúlkuna, er heitir Sigurbjörg Valdis Valsdóttir, Skúlagötu 68, fædd 1943, á Landsspítalann. Samkvæmt vottorði Snorra Hallgrímssonar læknis hafði hægri lærleggur brotnað um miðju og brotendar gengið á misvíxl. Þann 25. marz 1949 var Sigurbjörg Valdis útskrifuð af sjúkrahúsinu. Brotið virtist þá gróð, en um 1—1½ cm stytting hafði orðið á lærleggnum.

Lögreglumennirnir sáu ekkert athugavert við ákærða. Veður var bjart, en götur blautar.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann hafi umrætt skipti ekið vestur Laugaveg bifreiðinni R 3465 á ca 20 km hraða miðað við klst. akstur og um rúman 1 m frá syðri gangstéttarbrún. Er hann var móts við húsið nr. 134 við nefnda götu, sá hann allt í einu stúlkubarn koma hlaupandi frá syðri gangstéttinni og stefna þvert yfir götuna. Ekki getur ákærði skýrt nánar frá en svo, að bilið milli bílsins og stúlkunnar hafi verið mjög stutt, er stúlkun hljóp út á götuna. Ákærði kveður stúlkuna hafa hikað aðeins, er hún var að komast fram fyrir bifreiðina. Ákærði beygði þá undan til hægri og hemlaði, en þá hljóp telpan áfram og varð þá fyrir hægra framstuðarahorni bifreiðarinnar og kastaðist við það í götuna. Bifreiðin fór ekki yfir stúlkuna. Ákærði gaf hljóðmerki strax og hann sá stúlkuna, en hún virtist ekki heyra það. Ákærði var vel fyrir kallaður og beindi athygli sinni að akstrinum. Einn sjónarvottur var að slysinu, Guðmundur Höskuldsson strætisvagnstjóri. Guðmundur ók strætisvagni hið næsta á eftir R 3465. Hefur Guðmundur skýrt frá á þessa leið: Hann sá stúlkuna koma frá syðri gangstéttarbrúninni og hlaupa yfir götuna, R 3465 var ekið á vinstra kanti á ca 20—25 km hraða. Guðmundur hefur gizkað á, að 6—8 m hafi verið á milli bifreiðarinnar og stúlkunnar, er hún hljóp út á götuna. Telpan hljóp skáhallt norð-vestur yfir götuna, og R 3465 virtist elta hana. Er telpan átti stutt yfir á nyrðri gangstétt, varð hún fyrir hægra frambretti bifreiðarinnar og kastaðist upp á gangstéttina. R 3465 var síðan snarbeygt til vinstri og stöðvuð á syðri helft götunnar á að gizka 30 m vestar. Guðmundur kveðst ekki hafa séð merki þess, að bifreiðinni væri hemlað. Eftir því, sem Guðmundur mundi bezt, hljóp telpan út á götuna án þess að gæta að umferðinni. Hemlar bifreiðarinnar voru ekki reyndir eftir slysið, en kærði hefur talið þá hafa verið í góðu lagi.

Eins og ljóst er af framangreindum framburðum, hefur ákærði annaðhvort alls ekki hemlað eða hemlað ónógt, því að R 3465 rennur á eftir stúlkunni yfir götuna og lendir hægra frambretti á henni. Síðan rennur bifreiðin áfram og stöðvast á syðri helming götunnar, mun vestar. Ákærði virðist því hafa misst stjórn á bifreiðinni við það að sjá stúlkuna hlaupa út á götuna, en ef hann hefði hemlað strax, átti hann að hafa getað komið

í veg fyrir slysið, því að ákærði ekur hægt og stúlkan hleypur út á götuna það langt fyrir framan bíl ákærða, að nægur tími var til að stöðva bifreiðina, sem bæði er ljóst af vætti Guðmundar Höskuldssonar, er gizkar á 6—8 m bíl, og framburði ákærða sjálfs um aðdragandann að slysinu og aðstæður allar.

Meðorsök slyssins er því sú, að ákærði stöðvaði ekki bifreiðina, sem hann telst þó hafa haft möguleika á að gera. Ákærði hefur því samkvæmt framanskráðu gerzt brotlegur gegn 1. mgr. 27. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23 frá 1941, 3. mgr. i. f. 4. gr. sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24 frá 1941 og 219. gr. alm. hegningarlaga nr. 19 frá 1940. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga nr. 19 frá 1940 kr. 800.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, hrl. Björns Kalmans, er þykja hæfilega ákveðin kr. 300.00. Málið hefur verið rekið vítalaut.

Dómsorð:

Ákærði, Svavar Kristinn Kristjánsson, greiði kr. 800.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, Björns Kalmans hrl., kr. 300.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 15. desember 1950.

Nr. 86/1949. **Hrefna Loftsdóttir** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Bjarna Guðmundssyni (Enginn).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Innsetning.

Dómur Hæstaréttar.

Þórhallur Pálsson, fulltrúi borgarfégetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með